Vel launuð vinna.

Vér viljum fá 10 Íslendinga í hreinlega innanhúss vinnu. Kaup $25—$50 á viku, í bænum eða í sveitaþorpum. Enga æfinga, en vilja og ástundun að nema r
Staða ábyrgst og öll á
Skrifið eða talið við Hemphill Barber College, 580 Main St., Winnipeg.

The Provincial Library
jan. 26

Heimskringla.

Staða fyrir 15 Íslendinga

Vér höfum stöður fyrir nokkra menn, er nema vilja að fara með og gera við bíla, batteri o. s. frv. Viðgangsmesti iðnaður í veröldinni. — Kaup strax. Bæklingur ókeypis. — Skrifið eða talið við Hemphill Trade Schools, 580 Main, Street, Winipeg.

XL. ÁRGANGUR. WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN, 16. DESEMBER, 1925. NÚMER 11

HON. THOS. H. JOHNSON,

Konungur Islands og Danmerkur

sæmir tvo Vestur-Isl. heiðurs merkjum.

Samkvæmt því sem blaðið "Free Press" hér í bæ skýrir frá, afhenti Mr A. C. Johnson, Danakonsúll hér í bæ, Hon. Thomasi H. Johnson stórriddarakross Fálkaorðunnar, við hátíðlega athöfn, er fram fór á laugardagskvöldið var , að Fort Garry gistihúsinu, Við það tækifæri lýsti konsúllinn einnig yfir því, að Mr. Arni Eggertsson, hefði verið sæmdur riddarakrossi sömu orðu. Mr. Eggertsson gat þó ekki verið viðstaddur athöfnina, því að hann er nýlega, ásamt Mrs. Eggertsson, farinn suður til Florida.

Viðstaddir athöfnina voru þessir Islendingar, samkvæmt Free Press:— Mr. og Mrs. Thomas H. Johnson og Miss Ethel Johnson, G. Eggertsson og Mrs. D. Elding, O. S. Thorgeirsson, fyrv. danskur konsúll Rd. Dbr., Rev. B. B. Jónsson, D.D., og Mrs. Jónsson, Dr. og Mrs. B. J. Brandson, Mrs. Fr Frederickson, Colonel og Mrs. H. M. Hannesson, Mr. og Mrs. H. A. Bergmann, Dean og Mrs. J. T. Thorson, Dr. og Mrs. O. Björnson, Dr og Mrs J. Stefánsson, Mr. og Mrs. S. W. Melsted, Mr. og Mrs. Walter Lindal, Mr. og Mrs. J. J. Bildfell, Mr. og Mrs. S. K. Hall, Mr. og Mrs. Th. Borgfjörð, Mr. og Mrs. A. P. Jóhannsson, Mr. og Mrs. J. Blöndal, Mr. og Mrs. Lindal Hallgrímsson, Mrs. M. Paulson, Mr. og Mrs. G. L. Stephenson.

Eftir að menn höfðu drukkið skál Bretakonungs, las konsúllinn upp tilkynninguna frá konungsritara, að Kristján X. konungur Islands og Danmerkur, hefði sæmt hlutaðeigendur þessum heiðursmerkjum. Var skál Islands síðan drukkin. Fyrir skál Hon. Th. H. Johnson mælti Rev. B. B. Jonsson, síðar um kvöldið.

Þetta er í fyrsta skifti sem nokkrir Vestur-Islendingar eru sæmdir Fálkaorðunni. Kemur sá heiður vel niður, enda gerir orðunefndin og konungsritari, Jón Sveinbjörnsson, alt sem í þeirra valdi stendur, og eftir því sem þeir geta vitað, til þess að heiðursmerki þetta komi hæfilega niður. Er oss jafnvel kunnugt, að venju hefir dálitið verið breytt, þeirri er tiðkaðist um útlend heiðursmerki, svo að orðan þætti maklega veitt.

Heimskringla hefði gjarna viljað gera itarlegri greinargerð við þetta tækifæri. En það er ómögulegt að sinni, þaðið fregnin barst oss ekki í hendur, fyr en nær því er fullprentað blaðið, *og þá í gegnum enskt blað*. Er mildum orðum um það farið, að kalla það í alla staði óafsakanlegt hirðuleysi, af fulltrúa íslenzku og dönsku stjórnarinnar hér, að láta að eins annað íslenzka blaðið hér í borginni vita nokkuð um þessa sæmd í garð þessara tveggja manna; sérstaklega þegar hún er gerð að tilefni opinberrar athafnar.

Mr. Arni Eggertsson.

Er jafn leitt að þurfa að segja þetta, og það er sjálfsagt, að þessa sæmd tilkynnir fulltrúi Islandskonungs og Danmerkur, en ekki fylgismaður sérstaks stjórnmálaflokks í Manitoba eða Canada. Verður vel að því að gá, að þótt svo liti út sem hér sé tilætlunin fyrst og fremst, að sýna öðru íslenzka blaðinu óvirðing, um leið og hinu er sýnd skyldug kurteisi, þá er stjórn sú, er heiðursmerki þessi veitir, langtum fremur óvirt með þessari framkomu fulltrúa hennar,

x

30 ára listabraut.

Pósturinn færði oss í gær kærkomna sendingu heiman frá Islandi. Það var hefti með skrautmyndum af listaverkum Einars Jónssonar, myndhöggvara frá Galtafelli. Sýnir heftið í myndum undraferil þessa íslenzka bóndasonar, að kalla má frá smalaþrikinu upp í hásæti listarinnar.

Eru þarna myndir af listaverkum hans höggnum og máluðum, ásamt húsasniðum og fleiri dráttmyndum.

Því miður er ekki timi til þess að minnast á hefti þetta nú, en mun verða gert síðar. Sennilegt er að nokkur eintök verði send hingað vestur til sölu. Ætti það hefti að verða til stolts og prýðis á hverju heimili, er ann fögrum listum og íslenzkri andagift.

x

Úr bænum.

Islenzku mánaðardagarnir 1926.

I parti af upplaginu af íslenzku mánaðardögunum, 1926, sem nýlega voru sendir til útsölumanna um bygðirnar, voru því miður sumar myndirnar skemdar. Eru þeir útsölumenn og kaupendur sem hafa fengið þannig gölluð eintök vinsamlega beðnir að tilkynna mér á hverjum mánuðum skemdu myndirnar eru, og hve mörg eintök af hverjum mánuði; mun eg þá um hæl senda þeim spjöld til að setja inn fyrir þau skemdu.

Jakob F. Kristjánsson
Box 3105, Winnipeg.

Mrs. Valgerður S. Helgason sem verið hefir hér um tima hjá syni sinum og tengdadóttur Mr. og Mrs. J. H. Gislason 815 Ingersoll Str., er nýfarin vestur að hafi í heimsókn til systur sinnar Mrs. L. K. Grímsson i Portland, Ore., og annars frændfólks þar.

Jóns Sigurðssonar félagið vill minna menn á "Hermannabókina" vestur-islenzku, sem jólagjöf. Er hún vafalaust mörgum kærkomin gestur.

Enn fremur biður félagið að geta þess að G. Gilbertson Lonsdale Ave., hafi unnið rúmteppi það sem dregið var um á basar félagsins, laugardaginn 12. þ. m.

Fólki hefir nýlega gefist kostur að sjá gamaldags sjóhernaðaraðferðir í hreyfimyndum, í "The SeaHawk" og "Captain Blood".

A fimtu og föstudaginn í þessari viku verður sýnd á Wonderland, hin lang-mikilfenglegasta sjóhersmynd sem nokkurntima hefur verið gerð. Þessi mynd "Zeebrugge", er eins nákvæm myndun af atvikunum sem gerðust á Georgsmessu 1918, og mögulegt var að fá. Eru þar ekki að eins myndir sem flotamálaráðaneytið brezka lét taka bæði þegar flotinn var að leggja á stað og koma aftur, heldur hafa aðrir partar myndarinnar verið teknir eftir nákvæmum lýsingum, þeirra sem voru á herskipunum, þegar atvikin gerðust. Þetta er eina myndin sem sýnd hefir verið, sem þeirra hátignir Georg konungur og Maria drotning eru sýndar í.

Átta velþektir veðkeyrarar leika í "The Lucky Devil," sem verður sýnd á Wonderland þrjá fyrstu dagana í næstu viku. Höfundur þessarar ágætu myndar er Baron Morgan, sá sami og sámdi "Code of the Sea" og "The Air Mail," en aðalhlutverkin leika með honum: Esther Ralston, Anthony Jowith og "Gunboat" Smith, og hjálpa þau öll til að gera myndina spennandi og skemtilega.

Mánudaginn 7. des. voru gefin saman í hjónaband, af séra Sig. Ólafssyni, þau Mr. William Fraser og Miss Guðrún Thorsteinson, bæði til heimilis á Gimli, Man. Giftingin fór fram á hinu forna heimil brúðarinnar, 532 Ellice Ave., Winnipeg. Mr. Fraser er efnilegur ungur maður af irsk-skoskum ættum og er hann simritari í þjónustu C. P. R. félagsins. Guðrún er yngsta dóttir Mr. Jóns Thorsteinssonar hóteleiganda á Gimli; er hann sem kunnugt er, gamall Winnipeg-búi. Hugljúfar heillaóskir ástmenna og vina ungu hjónanna fylgja þeim út á ókunnu leiðina sem framundan er.

x

"Eitthvað verður athlægið til ástar vinna."

Herra ritstjóri!

I fyrri viku (2. des.) flytur "Hkr." 7 dálka langa grein um Steingr. læknir Matthiasson á Akureyri. Ritgjörð þessi á að heita athugasemd eða leiðrétting við smágrein tveggja dálka langa — "Frá heimilisháttum Vestur-Islendinga" — er læknirinn sendi "Lögb." og birt var 22. okt. síðastl. Af einhverri varasemi lætur höfundurinn ekki nafns sins getið, og að likindum af þeirri, að sjálfur vill hann ekki skreyta sig með ljóma þeim sem af skrifi þessu lýsir, það væri að gylla gullið. Hver hann er verður því dálitið torráðið. Af orðum hans má ráða að hann er enginn meðal maður, og vel á borð við hvern algengan héraðslækni. Mál hans er kryddað loddarayrðum og latinu og gæti maður næstum því getið þess til, að þar hefði hann tekið á aleigu sinni, nema ef vera kynni að hann ætti eftir visuhelming Sæmundar prests: "Vidisti quo modo fór nú."

Höf. gefur í skyn að Stgr. læknir hafi með þessari "Lögb." grein gjört Islendingum til stórrar vanvirðu og jafnvel rógborið þá meðal erlendrar þjóðar. Til þess að rétta hluta þeirra ræðst hann að manninum sjálfum og reynir eftir megni að mannskemma hann og litilsvirða, en lætur orðum hans ósvarað. Með þessu á þeirrar háðungar að vera hefnt og heiðri þjóðarinnar borgið.

"Deyr enginn sem dýrt kaupir," svo má segja um þjóðsæmd okkar Isl. en neyzlufrek virðist hún vera ef eigi fær hún með öðru móti alist en að á blótstall hennar séu bornir þeir mennirnir sem hvetja vilja til framtaks og dáða og sjálfir hafa óspart sýnt að þeir þora sjálfir að ganga í bardagann. Það hygg eg að Steingr. læknir hafi margoft sýnt, því mörg hafa verk hans verið mæt og til bóta og ekki allur dagurinn eyðst til "þarfindaferða", þótt höf. telji þær til afreksverka og erviðismuna og í frásögur færandi ef "lukkast vel", Þetta fer auðvitað eftir upplagi manna og vinnugefni, mænningu og nenningu. Haft er eftir Guðmundi ferðalang að fulllöng dagleið sé milli búrs og eldhúss.

Það má vel vera að Stgr. læknir sé ekki jafnsnjall föður sínum séra Matth. Jochumssyni eins og höf. vill gefa í skyn; en ekki fékk nú séra Matth. þakkir fyrir alt sem hann ritaði ávalt, þó flestu sé því hrósað nú. Var verkahringur hans allmjög á öðru sviði en læknisins og því erfiður til samanburðar við störf læknisins.

Sjáfsagt er það góð kenning "að miklir menn eigi ekki geta börn," en of seint er nú um þetta að sakast við séra Matth., en gott greinarhöf. og öðrum er um þetta vita, því aldrei er of seint að verða ókomna timanum til eflingar. En vafasamt mun það mörgum þykja að þjóðin íslenzka hefði verið betur á vegi stödd og virðulegri þó ekki hefði hún eignast Stgr. læknir Matthiasson.

Höf. segir það stafa af "óskiljanlegri *pervers* hégómadýrð" að læknirinn sendi "Lögb." þessa grein sina, þó ekki "geti hann séð fyrir sitt lifandi lif hvar hundurinn liggi grafinn." Um *"pervers* hégómadýrðina," verður höf. að likindum einn til álita, en þeir munu verða fleiri en hann sem ekki finna *hundsleiðið*, og nokkuð margir við "yfirlestur" greinar hans han eigi þykir takandi mark á því að hundurinn er sagður dauður.

"Hyllir undir helgan mann og hundinn lika" orti Páll lögm. Vidalin. Hann var að visu talinn skygn, á sinni tíð, en svo þarf ekki skygnisgáfu til, ef merkin eru glögg — eru svört á hvítu.

Höf. gefur í skyn að læknirinn sé með þessari ritgjörð sinni að gjöra samanburð á heimilisháttum Islendinga eystra og vestra, — taki ofan í við landa sína heima fyrir framtaksleysi þeirra og vanhirðu en lofi um skör fram dugnað og framfarir Islendinga hér. Þetta er að sumu leyti satt en þó ekki að öllu. Hann er að lýsa heimilsástæðum Islendinga hér, en játar jafnframt að ekki sé það algild lýsing því hann hafi ekki komið á nema efnaðri sveitaheimilin. En af því sem hann sér þar fær hann sér efni til að brýna fyrir heimaþjóðinni að losa sig sem fyrst við allar fornar og nýjar leifar sóðaskapar og kotungsháttar.. Segir hann að enn sjáist ofvíða merki þess að menn hafi ekki öðlast hann metnað sem skyldi. Með áminningu þessari er hann alls ekki að lýsa þjóðinni heldur þeim leifum framaleysis og dofinskapar sem eimir eftir á stöku stöðum. Þetta er syndin önnur, sem hann drýgir og á að vera þjóðinni til þvílikrar óvirðingar. —

Ekki verður nú séð að þjóðinni sé unnið ógagn með því að brýnt sé fyrir henni hreinlæti. Enginn þarf að vera óhreinn þó hann sé fátækur," segir læknirinn og munu flestir álita það satt. Svo er Steingr. læknir heldur ekki einn með þessar áminningar. Á þessu hausti er löng ádrepa eftir próf. Guðmund læknir Hannesson í Almanaki "Þjóðvinafélagsins" um sama efni, er hann nefnir "Landhreinsun." Kvartar hann yfir því að mjög mikið vanti á að þrifnaður sé svo mikill sem vera ætti. I því augnamiði að ráðin verði bót á þessu hefir hann og Læknafélag Islands samið "Leiðbeiningar" um útrýming lúsa," og eru þessar reglugjörðir birtar í Almanakinu. A undan þeim læknum sem nú vinna hvað duglegast að "landhreinsun" börðust landlæknarnir áður hver fram af öðrum. Ekki fengu þeir þakkir fyrir ávalt, og margir voru þeir með greinarhöf. sem ekki fundu til þess að hafa forina við dæjardyrnar og kusu heldur að eiga þar heima sem bera mátti aurinn á fótunum inn á pallinn! En það er þessari þrotalausu barátta þeirra að þakka að þjóðin hefir tekið sér fram, og komist í tölu mestu hreinlætisþjóða Norðurálfunnar.

Hreinlætisbaráttan á Islandi er ekki einstök og því engum skugga varpað á þjóðina þó frá henni sé sagt, og henni haldið áfram. Líka sögu nema öllu stórfeldari og ægilegri myndu hinar mörgu "Sanitary commissions" á Englandi og í Bandarikjunum hafa að segja af ástandinu þar í landi. Þá má geta nærri hvernig ástandið hefir verið og er enn í Suður-Evrópu. I stað þess að Stgr. læknir eigi áfellingardóma skilið fyrir þessar áminningar sínar bera honum þakkir fyrir. Fæstir taka sér fram nema þeim sé bent á það, sem til bóta horfir — og sumir ekki þá.

Óþrifnaðurinn er mein og manndómsspillir, og langt er nú síðan að Simon Stýliti var uppi og óhreinindin voru talin vottur heilagleika og trúrækni. Það er haft eftir Henry Ward Beecher að óvinir mannkynsins séu þrir — *Skrattinn, Skuldir* og *Skítur* — og þó skæðastur hinn síðastnefndi.

En svo eru þessar bendingar Stgr. læknis eigi nema önnur syndin sem hann drýgir gegn þjóðarheiðrinum íslenzka. Hin meiri og sú sem greinarhöf. vex mest í augum er að hann skuli fara blygðunarlausum lofsyrðum um Vestur-Isl. Það meiðir og þá er þjóðarsæmdinni nóg boðið, og þá eru 7 á móti 2 sizt of mikið mál. Að íslenzkt sveitafólk hafi dýrindis eldavélar — "likari *möblum*" en eldavélum, klæðist snyrtilega, fari úr fjósafötunum áður en það sezt að inni; karlmenn raki sig og láti ekki skegg sitt vaxa, það neyti matar með hnífum og göfflum — sér er nú hver þrifnaðurinn! "Mirabile dictu," hrópar höf. "af tvennu illu stendur mér minni ótti af dálitlum óþrifnaði, en óhemju hreinlæti," og til merkis um það segir hann sögu af karli heima á Akureyri sem burstaði Brekkugötuna. — Ekki er það nú víst að það sé talinn "óhemju þrifnaður" alstaðar, að sópa göturnar, að minsta kosti er langt síðan að upp á þeim óþarfa var tekið í bæjum og borgum þessarar álfu, og mig grunar að það muni vera all-langt síðan að byrjað var á þeim ósið heima í Rvík.

Vestur-Isl. á að aumkva ef ekki blátt áfram að skamma, en sízt af öllu að geta þess að þeir hafi reynst hér menn. Það á að segja að þeir standi ekki upp úr forinni, — hvorki hinni andlegu eða hinni votu. Það á að segja að þeir hafi afmannast og orðið að engu. Það er vitnisburðurinn valdi". En einkennilegur skilningur er þetta á þjóðrækni. Og langt er síðan að hann var almennur. Það var löngu áður en að karlinn gjörði Akureyrarbúum þann ógreiða að sópa Brekkugötuna.

Rögnv. Pétursson.

x

Stöðuvatn og foss.

Eftir

(Charles Dickens.)

Sjá fossinn í klettum og klungrum;
sjá kulsveigðan, limríkan skóg;
sjá blávatnið bjart eins og spegil,
sem birtist í himneskri ró.

Sjá fossinn, sem þrumandi þýtur,
hve þröngur sem vegur hans er;
hann ryður sér áfram — Já, "Áfram!"
er orðtak hans hvar sem hann fer.

Með hyldýpi heiðkyrra vatnsins
skal hugsa hvert einasta mál,
og síðan með framtökum fossins
því fylgja af alhug og sál.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Guðbjörg Guðbrandsdóttir.

Dáin 8. des. 1925.

Guðbjörg Guðbrandsdóttir andaðist á heimili dóttur sinnar og tengdasonar, Mr. og Mrs. Bárður Sigurðsson, 562 Sherbrooke Str., þann 8. þ. m.

Hún var fædd á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu 29 júní 1834; því 91 árs þegar hún lézt. Foreldrar hennar voru Guðbrandur Magnússon bóndi á Skógarströnd og Kristín kona hans.

Guðbjörg heitin kom til þessa lands með seinni manni sínum, Jóni Sigurðssyni og börnum 1876 og settust þau þá að í Mikley í Winnipegvatni. Þar báru þau hjón byrðar frumbyggjanna með hreysti og stillingu. Einn sonur þeirra 4 ára dó úr bólunni þegar hún geysaði, og Jón maður hennar druknaði nokkru síðar í vatninu. Nokkrum árum seinna flutti Guðbjörg heitin með börnum sínum til Winnipeg og settist þá að hjá sonum sínum af fyrra hjónabandi Jóni og Stefáni Tait, á Point Douglas. Bjó hún þar til 1917, að hún flutti til dóttur sinnar Kristínar, konu Bárðar Sigurðssonar, og var hjá henni það sem eftir var æfinnar.

Fyrir fimm árum misti hún sjónina og var henni það mjög þungt á seinni árum sérstaklega, því lestur var hennar mesta unun. Að öðru leyti átti hún við góða heilsu að búa á likama og sál þangað til að hún sofnaði svefninum síðasta og dýpsta.

Meðal nágranna sinna á Point Douglas var hún vanalega kölluð Mrs. Tait, vegna þess að synir hennar, af fyrra hjónabandi, Stefán og Jón Teitssynir, höfðu tekið sér það ættarnafn. Af niu börnum, sem hún eignaðist eru að eins tvö á lifi, Kristín kona Bárðar Sigurðssonar, og Jón Tait umboðssali, bæði búsett hér í borg.

Guðbjörg heitin var ástrik eiginkona og móðir; kaus heldur ró og næði heimilisins, en glaðvært félagslíf. hún var fastheldin við gamla og góða íslenzka heimilissiði og átti yfir að búa hinni ágætustu þrautseigju og þolni, sem svo margir aðrir frumbyggjar. Hún var trúhneigð kona, og þó hún tæki aldrei mikinn þátt í kirkjulegri starfsemi, þótti henni mjög vænt um hina lútersku kirkju. Jarðarför hennar fór fram fimtudaginn þann 10. þ. m. frá heimili dóttur hennar, og var hún lögð til hvildar í Elmwood grafreit.

Séra Björn B. Jónsson D.D. flutti likræðuna.

J.

x